

## Fundargerð

24. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 1. febrúar 2013 kl. 11:00 í Eldey, Grænásbraut 506, 235 Reykjanesbæ.

**Mætt:** Árni Sigfússon formaður, Magnús Stefánsson, Róbert Ragnasson, Sigrún Árnadóttir, Kjartan Eiríksson og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri. Ásgeir Eiríksson boðaði forföll.

Fulltrúar frá Ferðamálasamtökum Suðurnesja mættu á fundinn undir lið 2.

### Dagskrá:

1. Samningur milli Ferðamálasamtaka Suðurnesja og Heklunnar
2. Tölvupóstur dags. 21.01.2013, frá Guðmundi Péturssyni f.h. Kef landing
3. Tölvupóstur dags. 14.01.2013, frá Guðmundi Péturssyni f.h. SAR
4. Samningur milli Vinnumarkaðsráðs Suðurnesja og Heklunnar. Greining á vinnuafliþörf á Suðurnesjum 2013-2016
5. Sóknaráætlun Suðurnesja – forgangsröðun verkefna
6. Atvinnuleysistöflur
7. Verkefnastaða Heklunnar
  - a) Samantekt fjármuna verkefna 2013
8. Verkefnastaða SAR

#### 1. mál Samningur milli Ferðamálasamtaka Suðurnesja og Heklunnar

Samningur lagður fram og samþykktur.

#### 2. mál Tölvupóstur dags. 21.01.2013, frá Guðmundi Péturssyni f.h. Kef landing

Óskað er eftir þátttöku Heklunnar í verkefninu. Stjórn tekur vel í erindið og óskar eftir framkvæmdaáætlun.

#### 3. mál Tölvupóstur dags. 14.01.2013, frá Guðmundi Péturssyni f.h. SAR

Björk Guðjónsdóttir tilnefnd sem áheyrnarfulltrúi í stjórn SAR fyrir hönd Heklunnar.

#### 4. mál Samningur milli Vinnumarkaðsráðs Suðurnesja og Heklunnar. Greining á vinnuafliþörf á Suðurnesjum 2013-2016

Lagt fram til kynningar. Stjórn óskar eftir verkáætlun um framkvæmd verkefnisins.

#### 5. mál Sóknaráætlun Suðurnesja – forgangsröðun verkefna

Farið var yfir forgangsröðun verkefna vegna sóknaráætlunar landshluta og lagðar fram frekari hugmyndir sem framkvæmdastjóri heldur utan um.

#### 6. mál Atvinnuleysistöflur

Lagðar voru fram upplýsingar um fjölda atvinnulausra

## **7. mál Verkefnastaða Heklunnar**

Berglind fór yfir verkefnastöðu Heklunnar.

### **a) Samantekt fjármuna verkefna 2013**

Berglind lagði fram uppl. um samantekt fjármuna verkefna 2013. Heildarupphæð er kr. 136.000.

## **8. Mál Verkefnastaða SAR**

Guðmundur sagði frá verkefnastöðu SAR.

## **9. mál Önnur mál**

a) Samþykkt að breyta nafni Markaðsstofu Suðurnesja í Markaðsstofu Reykjaness í kjölfar ímyndarskoðunar.

b) Rætt um kostnað vegna GeoPark ráðstefnu sem fyrirhuguð er á Reykjanesi.

b) Næsti fundur Heklunnar mun fjalla um verkefni Markaðsstofunnar.

*Fleira ekki gert og fundi slitið.*